

Sensor ehf.
Þórsgötu 21a
101 Reykjavík

Reykjavík, 14. nóvember 2022
UST202211-013/Þ.V.B.
09.06.01

Efni: Umsókn um leyfi til kvikmyndatöku - Kleifarvatn

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Sensor ehf., dagsett 1. nóvember 2022, um leyfi til kvikmyndatöku innan Reykjanesfólkvangs.

Reykjanesfólkvangur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. auglýsing nr. 520/1975. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til kvikmyndatöku á tveimur staðsetningum við Kleifarvatn 15. og 19. nóvember, 10 tíma á hvorum stað. Kort sem sýnir staðsetningu tókustaðana og hvar bifreiðum yrði lagt fylgdi með umsókn. Tökustaður 15. nóvember 2022 er norðvestan við Kleifarvatn og yrði bílum lagt þar á malarsvæði milli Kleifarvatns og Lambhagatjarnar, hámark 30 metrum frá Krísuvíkurvegi. Tökustaður 19. nóvember 2022 yrði við bílastæði milli Innristapa og Syðristapa þar sem bílunum verður lagt. Árabát yrði komið fyrir í fjöruni í 5 metra fjarlægð frá vatnsborðinu. Baturinn verður dregin niður í fjöru á dúk. Ummerki um tókurnar yrðu fjarlægð með hrífum. Að tókunum koma 25 manns á 7 fólksbifreiðum, 3 sendibílum og einni aðstöðuruðu með ferðasalerni í eftirdragi.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúru og verndargildi svæðisins til lengri tíma lítið sé farið eftir skilyrðum leyfisins. Verkefninu fylgir ekki jarðrask. Sótt er um leyfi til að leggja bifreiðum á svæði sem ekki er ekki merkt sem bílastæði eða skipulagður vegur liggur að. Bifreiðum við norðvestanverðan hluta Kleifarvatns yrði lagt á svæði sem hefur áður verið nýtt sem basecamp fyrir kvikmyndafyrirtæki sem eru að mynda á svæðinu.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Sensor ehf. fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvikmyndatöku iannan Reykjanesfólkvangs og að leggja bílum á svæðinu norðvestan við Kleifarvatn sbr. lýsingu hér að ofan 15. og 19. nóvember 2022 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem bifreiðum verður lagt norðvestan við Kleifarvatn skal takmarka fjölda þeirr eins og kostur er og gæta skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um veru bifreiðana þar að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Koma skal fyrir merkingum á tókustað um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Einungis skal aka bifreiðum að og innan þess svæðis sem þeim verður lagt norðvestan við Kleifarvatn. Skulu bifreiðar vera merktar til að tryggja að aðrir leggi ekki á svæðinu.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að tókurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Losun ferðasalerna skal fara fram á viðurkenndum losunarstað utan hins friðlýsta svæðis.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn

um kvikmyndagerð og/eða ljósmyndatöku er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Magnús Freyr Sigurkarlsson
svæðissérfræðingur

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
sérfræðingur